Skýrsla stjórnar 2025-2026

Aðalfundur Skíðafélags Dalvíkur var haldinn í Menningarhúsinu Bergi þann 27.maí 2025.

Stjórn:
Stjórn félagsins var skipuð eftirtöldum aðilum:
Óskar Óskarsson á seinna ári sem formaður.
Hanna Kristín Gunnarsdóttir á seinna ári sem ritari.
Sigurður Kristinn Guðmundsson á seinna ári sem meðstjórnandi
Elísa Rán Ingvarsdóttir var ekki í kjöri en er á seinna ári sem gjaldkeri
Sigtryggur Hilmarsson var ekki í kjöri en er á seinna ári sem varaformaður
Guðni Berg Einarsson bauð sig einnig fram í stjórn.

Fastanefndir:
Í fastanefndum sátu þessir:

Alpagreinanefnd: Skafti Brynjólfsson og Snæþór Arnþórsson.

Foreldrafélag: Lára Bettý Harðardóttir, Katla Ketilsdóttir,Sunna Björk Bragadóttir, Fanney Davíðsdóttir og Brynhildur Heiða Jónsdóttir

Brettanefnd: Viktor Jörgensen, Fanney Davíðsdóttir og
Petra Breiðfjörð og Valdís Guðbrandsdóttir.

Mótanefndir: Hingað til hafa verið starfandi tvær mótanefndir í alpagreinum hjá félaginu. Þessar nefndir hafa skipt með sér verkum þannig að önnur nefndin hefur séð um heimamótin og Jónsmót en hin um stærra mótahald, FIS og bikarmót. Til umræðu hefur verið að sameina þessar nefndir að einhverju leyti. Brettanefndin hefur síðan séð um þau mál sem snúa að brettamótum. Í þessum nefndum sitja að jafnaði um 8-10 manns hverju sinni. Í vetur kom upp umræða sem þarf að fara yfir en það er hvernig nefndirnar tvær í alpagreinum skipta með sér verkum.
Í nefndunum eru. Sveinn Torfason, Snæþór Arnþórsson, Daði Valdimarsson, Kristján Þorvaldsson, Hildur Birna Jónsdóttir, Sigríður Jódís Gunnarsdóttir, Skafti Brynjólfsson,Óskar Óskarsson, Skafti Brynjólfsson.

Skoðunarmenn reikninga: Þorsteinn Skaftason og Brynjólfur Sveinsson

Stjórnun félagsins/framkvæmdarstjóri.

Stjórn fundaði 15 sinnum frá síðasta aðalfundi. Það sem af er ári hefur stjórn fundað 9 sinnum. Hingað til hefur Hörður framkvæmdarstjóri setið flesta stjórnarfundi sem hefur gefist vel og er gott samstarf milli hans og stjórnar um öll málefni félagsins.

Verkefni stjórnar og félagsins á milli aðalfunda.

Ljóst var eftir skíðavertíðina 2024-2025, sem var sú slakasta í mörg ár, að það vantaði töluvert fjármagn til þess að ná endum saman til þess að geta klárað veturinn, greitt starfsfólki og gengið frá svæðinu. Stjórn og framkvæmdastjóri lögðu mikla vinnu í að finna leið út úr fjárhagsvandanum meðal annars með samtölum og ótal fundum með bæjaryfirvöldum. Mikil yfirlega fór í að taka saman gögn og aðrar upplýsingar sem um var beðið til þess að getað greint vandann og sýnt fram á svart á hvítu að rekstarvandinn var eingöngu afleiðing tekjumissis vegna slakrar skíðavertíðar 2024-2025 en ekki af framúrkeyrslu í útgjöldum. Niðurstaðan var sú að10 milljónir vantaði til þess að klára árið. Samtöl við bæjaryfirvöld gengu stirðlega og svo virtist sem illa gengi að koma upplýsingum milli aðila innan kerfisins. Amk stóðum við frammi fyrir alveg nýju verklagi og frekar erfið staða var komin upp hjá félaginu eftir samtöl um fjárhagsvandann í einhverja mánuði.

Á endanum var komið að stórum ákvörðunum til þess að reyna að koma fjárhag félagsins í lag og var formlegt erindi sent til Íþrótta- og æskulýðsráðs þar sem Skíðafélag Dalvíkur óskaði eftir 10 milljónum króna í hækkun á rekstrarstyrk á árinu 2025 vegna erfiðrar afkomu eftir veturinn. Erindið var tekið fyrir á fundi ráðsins 15. júlí 2025.

Bókun ráðsins var eftirfarandi:

“Íþrótta- og æskulýðsráð hafnar erindinu með fimm atkvæðum. Ráðið leggur til að kr.10.000.000 verði fyrirframgreiddar af rekstrarstyrk ársins 2026. Brýnt er að skíðafélagið yfirfari rekstur félagsins og leiðir til hagræðingar“

Í framhaldinum bókar Byggðaráð eftirfarandi á fundi sínum. “ Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu og tillögu íþrótta- og æskulýðsráðs og samþykkir að Skíðafélag Dalvíkur fái kr. 10.000.000 fyrirfram greitt af styrktarsamningi ársins 2026. Jafnframt tekur byggðaráð undir bókun íþrótta- og æskulýðsráðs um að Skíðafélagið yfirfari rekstur félagsins og leiðir til hagræðingar“

Rétt er að geta þess áður en lengra er haldið að stjórn hafði áður fundað með byggðaráði um ýmis málefni félagsins, meðal annars fjárhaginn. Þar kom ekki ósvipuð krafa og frá Íþrótta- og æskulýðsráði um að yfirfara reksturinn, hækka gjöld og endurskoða afslætti á vetrarkortum til félagsmanna.

En aftur að niðurstöðu fundar Íþrótta- og æskulýðsráðs þann 15. júlí og síðar bókun Byggðarráðs. Á þessum tímapunkti var fátt hægt að gera nema ganga að þessari niðurstöðu. Við höfðum marg oft bent á að það gæti reynst afdrifaríkt til lengri tíma litið að taka 10 milljónir af næsta rekstrarári og hvað ef sú staða kæmi upp eftir vertíðarlok 2026. Þá einfaldlega yrðu engir peningar eftir af rekstrarstyrk ársins 2028 sem er síðasta ár í núgildandi samning milli Skíðafélagsins og Dalvíkurbyggðar. En með þessa niðurstöðu í fartaskinu var fátt annað í boði en gera ráðstafannir um það hvernig skíðavertíðin 2025-2026 gæti litið út. Margar tillögur um hagræðingu, sparnað og allt að því að gefast upp litu dagsins ljós sem ekki verður reifað frekar hér. Niðurstaðan var eins og áður sagði sú að ganga að tillögu bæjaryfirvalda, enda vorum við löngu fallin á tíma með aðrar ráðstafanir og urðum að fara að undirbúa skíðavertíðina 2025-2026. Ákveðið var að komandi skíðavertíð yrði í mesta lagi 4 mánuðir í stað 5 eins og venjan er. Eftir töluverðar vangaveltur var ákveðið að opna svæðið 1.desember og loka því 1. apríl, til vara fram yfir páska sem lauk 6. apríl í stað þess að opna 1. janúar og hafa opið út apríl. Þá var ákveðið að halda úti skíðaæfingum eins og hægt væri fram að Andrés. Starfsmenn voru því ráðnir með þetta í huga. Pressa á okkur að hækka gjaldskrá var næsta ákvörðun og á endanum voru lyftugjöld hækkuð að meðaltlali um 19% en æfingagjöld heldur minna eða 13%. Þessi hækkun var talsvert yfir hækkun vísitölu neyrsluverðs milli ára sem var rúm 4%. Þá var ákveðið að lyftugjöld yrðu framvegis inní

æfingagjöldum og iðkendur okkar greiddu eitt gjald eins og tíðkast hjá öðrum félugum en þar eru ekki rukkuð sérstök vallargjöld eins og gert hefur verið hjá okkur frá upphafi.
Það var mikill léttir þegar samkomulag um þessar aðgerðir var í höfn hjá þeim sem að málum komu og stjórn og framkvæmdastjóri gátu farið að snúa sér að öðrum verkefnum því mikill tími fer í svona vinnu. Í kjölfarið af þessum ákvörðunum var ákveðið að boða til félagsfundar og kynna stöðu mála og fara yfir það sem stjórn hefði ákveðið um næstu skíðavertíð. Fundurinn var í Brekkuseli 11. september.
Það fór lítið fyrir öðrum verkefnum um sumarið og fram á haust þar sem peningastaðan bauð ekki upp á nema lágmarks viðhald og það sem ekki var komist hjá að gera. Bygging vélageymslunnar var að mestu á bið fram á haust en þá var ráðist í að ganga frá þakinu í nóvember og desember þar sem veður var með eindæmum gott. Lokið var við hellulagnir rétt fyrir jól en á meðan á verkinu stóð var hér sumarblíða. Óhætt er að segja að um byltingu á aðstöðu við Brekkusel sé að ræða sem kom vel í ljós í vetur.
En að lokum er rétt að koma lítillega inn á nýkláraðan ársreikning fyrir árið 2025 og bera tekjur saman við árið 2024 sem var ár í meðallagi tekjulega séð. Þar sést svart á hvítu að munurinn á tekjum milli ára er 5 milljónir króna sem er mikið fyrir félagið. Það var í raun léttir að sjá að það sem við reyndum að koma á framfæri var rétt. Hins vegar voru laun og launatengd gjöld á pari við 2024, aðeins launaskrið sem skilur þar á milli.
Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu milli félagsins og Dalvíkurbyggðar um ýmis mál þá má ekki taka því þannig að allt sé ómöglegt. Það er víðsfjarri því það er góður stuðningur frá Dalvíkurbyggð við Skíðafélag Dalvíkur. Við erum að reka íþróttamannvirki og þurfum einfaldlega að geta það hvort sem árar vel eða illa og án þess að hækka gjaldskrár eins og í þetta skiptið. Það verða allir sem málið varðar að hafa skilning á.

Viðhald og endurbætur:
Eins og fram kom hér að ofan þá höfðum við ekkert fjármagn til þess að fara í viðhald og endurbætur nema á því allra nauðsynlegasta. Eitt af því sem ákveðið var að gera var að fá hingað til Dalvíkur aðila frá PistenBully sem var á ferð um landið og fór yfir snjótroðara félagsins. Við teljum eftir reynslu af þessari heimsókn að mikilvægt sé að hafa þennan háttinn á í framtíðinni því margt mjög gott kom út úr heimsókninni til okkar og troðararnir tóku ekki feilpúst í vetur sem skiptir miklu máli.

Uppbygging, framkvæmdir og verkefni framundan:

Ljóst er að bygging vélageymslunnar verður eflaust í gangi í talsverðan tíma í viðbót ef ekki fæst fjármagn til þess að klára húsið. Við fengum 23 milljóna viðbótaframlag í bygginguna um mitt ár 2025 en óskuðum eftir 46 milljónum. Félagið átti að afla 23 miljóna á móti sem er ógjörningur, amk í bili því að við höfum gengið mjög langt að okkar helstu styrktaraðilum við framkvæmdir og byggingu hússins og getum ekki gengið lengra að sinni. Áður hefur komið fram að hingað til hafa safnast rúmar 32 milljónir í bygginguna frá velunnurum félagsins. Hvernig við eigum að kljúfa þessa stöðu þegar við getum varla náð endum saman á fjármagninu sem við höfum er ekki gott að segja. Í dag ræðst framkvæmdahraðinn á því hvort fjármunir eru til í sjóðum félagsins fyrir efni og aðföngum. Töluverð sjálfboðavinna getur farið fram ef efni er til staðar og sjálfboðaliðar klárir í smærri verkefni. Unnið er að því að gera húsið klárt til úttektar og nothæft því samningur um afnot af Hreiðri er að renna út.
Ekki hefur verið ákveðið í hvaða viðhaldsverkefni verður farið í í sumar en það ræðst að því hvort við höfum til þess fjármagn. Eitt af því sem við teljum orðið aðkallandi er að fara í landmótun í lautinni sunnan við annað mastur í efri lyftunni. Þar er hóll sem búið er að ræða í mörg ár að fjarlægja og færa efnið undir lyftuna ofan við annað mastur. Við teljum að þessi framkvæmd verði fjót að skila sér og verði til þess að við náum að opna efri lyftuna fyrr þar sem á þessu svæði vantar oftast snjó í lyftusporið og mikil vinna fer í það árlega að safna snjó

undir lyftuna. Ekki er ólíklegt að í þetta sinn náist samkomulag um þessa landmótun því allir sem hafa komið að rekstri svæðisins í áratugi hafa verið sammála um þessa framkvæmd. Fyrir næstu skíðavertíð rætist margra ára draumur um að koma upp töfrateppi á skíðasvæðinu. Það eru all mörg ár síðan fyrst var farið að skoða þennan möguleika sem hefur verið í uppbyggingaáætlun svæðisins í amk 10 ár. Við teljum að töfrateppi á skíðasvæðinu geti komið svæðinu betur á kortið fyrir fjölskyldur með yngstu iðkendurnar og þá sem eru almennt að stíga sín fyrstu spor á skíðum óháð aldri. Þá kemur sér vel að hafa töfrateppi þegar börn læra á skíði hjá félaginu þó svo að hingað til hafi gengið vel að nota skíðalyftuna. Á árinu 2023 sáum við möguleika á að koma upp töfrateppi þegar við komumst í samband við aðila sem var umboðsaðili fyrir notaðan búnað. Við óskuðum eftir aðstoð Dalvíkurbyggðar sem tók vel í erindið og ákvað að setja 10 milljónir í verkefnið. Á þeim tíma vorum við með aðila sem var tilbúinn til að leggja til það sem upp á vantaði eða uþb 5 milljónir. Okkur tókst ekki að staðfesta kaupin á teppinu í tæka tíð og misstum af því. Á síðsta ári vaknaði þessi draumur á ný en þá um vorið á sýningunni Interalpin í Austurríki fékk félagið tilboð í töfrateppi frá Team Service á Ítalíu.
Tilboðið hljóðaði upp á um 105.000 evrur úti plús 24% vsk hér heima. Eimskip flutti það síðan til landsins á góðum styrk.
Kostnaðurinn er því nálægt 20 milljónum hingað komið.
Heildarkostnaður er enn ekki kominn á hreint en áætlunin hjóðar upp á tæpar 40 milljónir. Til þess að þetta yrði að veruleika þá þurftum við að endurvekja þátttöku Dalvíkurbyggðar og óska eftir 10 milljónunum sem áður hefðu verið áætlaðar í verkið. Eins og oft áður þá kom Dalvíkurbyggð að þessu verkefni á ný og lagði áður lofaðar 10 milljónir í verkefnið sem við erum óendanlega þakklát fyrir enda var það forsendan fyrir því að þetta gengi upp. En það sem gerði þetta að veruleika var framlag Bergmanna í þetta verkefni. Í fyrstu voru það Bergmenn sem ætluðu að draga verkefnið að landi en nú snérist þetta við og nú eru þeir með stærsta hlutann af kostnaðinum. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Bergmenn styrkja starf félagsins en þeir hafa staðið á bak við verkefnið „Krílin á skíðin“ og hafa séð félaginu fyrir skíðabúnaði fyrir byrjendur í mörg ár. Félagið nær því að lána öllum börnum sem koma í fyrsta skipið á skíði búnað fyrsta árið sem er líklega einsdæmi á Íslandi.
Skíðafélag Dalvíkur þakkar Bergmönnum fyrir ótrúlegan stuðning, ekki bara fyrir stuðning við starf félagsins heldur að hjálpa til við að gera skíðasvæðið á Dalvík eftirsóttara fyrir alla þá sem heimsækja skíðasvæðið.
Samhliða þessu verkefni þarf að laga landið við töfrateppið og aðkomuna að neðri lyftunni til þess að pláss verði fyrir þá sem nota töfrateppið og þá sem eru að renna sér úr skíðabrekkunni að lyftunni. Byggt verður yfir teppið sem er 75 metra langt á staðnum og kemur það sunnan við nýja pallinn og nær upp að neðsta ljósastaurnum í ljósalínunni sunnan við lyftubrekkuna. Við höfum fengið öll leyfi fyrir uppsetningu teppsins hjá umhverfisstofnun og Dalvíkurbyggð og þeim landbreytingum sem þarf að ráðast í og vonum að sátt náist um þessar framkvæmdir og ekki verði brugðist við þeim með hörðum mótmælum. Við gerum okkur engu að síður fulla grein fyrir því að búast má við mótmælum í framtíðinni á öllum framkvæmdum á skíðasvæðinu ef marka má ummæli frá sameiginlegum framboðsfundi framboða í Dalvíkurbyggð fyrir skemmstu. Tilefnið voru úrbætur á barnabrekkunni fyrir fjórum árum sem tókust fullkomlega en fóru í taugarnar á fámennum hópi.
Hins vegar voru aðilar sem ræddu við stjórn í samtölum og höfðu skoðun sem tekið var tillit til. Það er sú leið sem er vænlegust til sátta. Við höfum líka áform um að nota tækifærið og laga landið sunnan vélageymslunnar og koma því í ástand til að fegra umhverfið eftir framkvæmdir við aðstöðuhúsið. Sú lagfæring er hluti að frágangi fyrir húsið og er á byggingareit þess og því hluti af frágangi lóðar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðrar framkvæmdir umfram hefðbundið viðhald þó að verkefnin séu mjög mörg. Forgangsraða verður öllu á meðan peningastaðan er ekki betri en raunin er.

Skíðavertíðin 2025-2026

Skíðavertíðin var í raun endurtekið efni frá síðustu skíðavertíð. Hitabylgja í desember og lítill snjór framan af setti mark sitt á vertíðina. Um miðjan nóvember kom ágætur frostakafli og var snjókerfið sett í gang á auða jörð. 16. nóvember hófst fyrsti snjóframleiðslukaflinn og var framleitt í 19 sólarhringa í 4 törnum sem er líklega það mesta sem framleitt hefur verið af snjó á svæðinu til þessa. Það tókst að opna barnabrekkuna og hefja æfingar fyrir alla nema yngstu iðkendur 25. nóvember. Neðri lyftubrekkan opnaði síðan fyrir almenning 20. desember. Það var síðan ekki fyrr en 23. mars sem náðist að opna efri lyftuna en þá voru komnar fína aðstæður. Eins og áður sagði var ákveðið að loka svæðin 1. apríl en hafa það opið fram yfir páska ef aðstæður leyfðu sem varð síðan raunin. Síðasti opnunardagur fyrir almennig var 6. apríl. Við fengum ágæta traffík í dimbilvikunni og um páska og náðum því að fá tekjur sem okkur sárvantaði eftir erfitt start framan af. Þó veturinn hafi verið okkur erfiður þá erum við alveg þokkalega sátt með aðsókn og tekjur þegar upp er staðið. Amk er töluverður munur milli ára hvað þennan lið varðar þó svo að væntingar um extra gott skíðaár hafi ekki ræst að fullu. Það hefði skipt miklu máli að ná að jafna betur út 10 miljónirnar sem við urðum að taka á síðasta ári af styrk Dalvíkurbyggðar sem ætlaður var í reksturinn 2026. Eins og staðan er í dag er ekki vitað hvort við þurfum að kroppa af árinu 2027 til að koma rekstrinum af stað í haust. Það yrði í raun afleit staða. Varðandi fjármagn í snjóframleiðsluna þá var ljóst eftir þrjár lotur að ekki yrði framleiddur meiri snjór. Eftir umræður og í framhaldinu ábendingu eða öllu heldur áskorun þá óskuðum við eftir styrkjum frá fyrirtækjum og almenningi í eina törn af snjóframleiðslu í viðbót. Það fór svo þannig að það safnaðist tæp miljón og um miðjan febrúar framleiddum við snjó meðan aðstæður voru til staðar sem tryggði okkur snjó fram yfir lokun. Félagið þakkar þessi rausnarlegu framlög en allir sem vildu gátu lagt pening í púkkið. Þess má geta að þegar snocrossmótið var haldið neðan Brekkusels þá ákvað stjórn að fá sjálfboðaliða til að grilla hamborgara á pallinum við Brekkusel og selja gestum og láta ágóðann renna í búnaðarkaup. Tæplega 400 borgarar seldust sem var frábært og mikil stemming myndaðist meðal grillara. Um 15 manns komu að þessu verkefni. Mótið sjálft fór fram utan skíðasvæðisins sjálfs en ljóst að þetta er skemmtileg viðbót í bakgaðinum á skíðasvæðinu. Þegar mest var voru nokkur hundruð manns á pallinum að horfa á keppnina sem var gaman að sjá. Þarna mætast 2 hópar sem nýta snjóinn til fullnustu og unnu frábærlega saman. Gott samtal er á milli aðila og vonumst við eftir að það geti orðið framhald á samstarfi í kringum þennan viðburð.
Ungur Dalvíkingur, hann Úlfar Baldvin er að glíma við veikindi og er í kostnaðarsamri meðferð í Svíþjóð. Skíðafélag Dalvíkur ákvað að efna til söfnunnar 31. mars og hafa sleðakvöld í fjallinu til styrktar honum og fjölskyldu hans. Góð mæting var á svæðið og söfnuðust 220.000 kr.

Til frekari upplýsinga þá eru hér fyrir neðan upplýsingar um það hvernig veturinn þróaðist.

Opnunardagar í vetur voru um 90 fyrir almenning en opið var fyrir æfingar um 120 daga eða til byrjunar maí.

Gestir svæðisins voru tæplega 6.866 sem var undir væntingum.

Tekjur á vertíðinni:

Skidata 13.685.527 krónur

Sjoppa 2.376.187 krónur

Hópar utan skidata 2.121.236

Samtals krónur 18.182.950

Tekjur af hverjum gesti í vetur voru því 2.648 kr. sem er 532 kr. hærra en á síðasta ári sem er mjög jákvæð þróun.

- 16. nóv, snjóframleiðsla hefst og framleitt var í 19 sólarhringa í vetur. í 4 törnum, nóv, des, Jan og feb.
- 25. nóvember, var neðri lyftan opnuð fyrir æfingar
- 20. desember, var neðri lyfta opnuð fyrir almenning.
- 19. febrúar var fyrsta göngusporið gert með sleða.
- 23. mars opnaði efri lyfta og var opin 11 daga.
- Viðburðir á vegum svæðis:
- Byrjendanámskeið fyrir börnin.
- Æfingabúðir. Hæfileikamótun SKÍ á snjóbrettum í janúar sem tókust mjög vel.
- Haldið var fyrir neðan skíðasvæðið SnoCross mót 28. febrúar sem gekk framar öllum vonum og sóttu um 1.000 manns viðburðinn þar sem bæði nýji sólpallurinn og fjölgun bílastæða fengu eldskírn og komu frábærlega út.
- 31. mars var haldin kvöldopnun til styrktar Úlfari Baldvini og safnaðist um 220 þúsund v/krabbameinsmeðferðar hans í Svíðþjóð.
- Páskarnir voru haldnir dagana 2-6 apríl og tókust með miklum ágætum, veður var sæmilegt og snjóalög góð. Almennt góð umferð og fínar tekjur.
- Síðasti opnunardagur fyrir almenning var 6. apríl.
- Opið fyrir æfingar hjá elsta hópnum fram í byrjun maí.
- Hörður Finnbogason er framkvæmdarstjóri félagsins en auk hans unnu á svæðinu Júlíus Gunnar Bóasson svæðisstjóri, Steinþór Wendel, Daníel Green, Jan Hlavak, Eric Martellozzo og Jónas Þór Leifsson. Afleysingafólk var síðan um helgar eftir þörfum.

Þjálfun og skíðakennsla.

Yfirferð þjálfara eru hér að neðan. Æfingar hófust í lok nóvember í lágmarks aðstæðum, bæði í alpagreinum og á brettum en lauk í vikunni fyrir Andrés. Þátttaka á æfingum var heldur minni en undanfarin ár eða um 100. Líklegt er að erfiðar aðstæður veturinn 2024-2025 og erfitt start á síðustu vertíð ráði þar ferð. Stórn hefur rætt þessi mál og er að skoða hvort bregðast eigi við stöðunni. Þjálfarar hjá félaginu í alpagreinum og á brettum í vetur voru:

Dagur Sveinsson, Skafti Brynjólfsson, Björgvin Björgvinsson, Ján Hlavaj, Harpa Rut Heimisdóttir, Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir, Íris Magnúsdóttir, Haraldur Logi Jónsson brettaþjálfari og Daníel Green til aðstoðar. Aðstoðarfólk úr yngstu æfingahópunum aðstoðuðu þjálfara eftir þörfum. Stjórn þakkar þeim fyrir vel unnin störf í vetur.

Þrátt fyrir frekar erfiðar aðstæður snjóalega tókst að halda þau mót sem til stóð að halda við mjög góðar aðstæður.

Haldið var eitt FIS ENL mót dagana 31. janúar -1. febrúar.

Þá var hér eitt FIS mót á brettum dagana 14.-15. febrúar.

Hæfileikamótun SKI á brettum var hér í janúar.
Dalvíkurmót var haldið í mars.

Firmakeppnin var haldinn annan dag páska

Jónsmótið fór fram í byrjun páska og það í þriðju tilraun. Veður og aðstæður gerðu það að verkun að því var frestað í tvígang. Mótið gekk vel fyrir sig þó að það hafi blásið á keppendur á skírdag

Lokahóf:
Lokahóf félagsins fór fram 11. maí í Brekkuseli. Um 70 börn mættu og margir forledrar með og ætla má að um 120 manns hafi verið komin saman í Brekkuseli og á pallinum í góðu veðri. Pylsur voru grilaðar, verðlaun veitt fyrir firmakeppni, þjálfarar og aðstoðarfólk fékk glaðning fyrir vel unnin störf í vetur og að lokum var vel lukkað happadrætti.

Hefðbundnir fundir og ráðstefnur síðasta ár:

Félagið tók þátt í hefðbundnum fundum og viðburðum samkvæmt venju: Haustfundur Samtaka skíðasvæða, Skíðaþing, formannafundur UMSE, Ársþing UMSE, vorfundur íþrótta- og æskulýðsráðs og fundir sem tengjast rekstrinum og uppbyggingu þess.

Fastanefndir félagsins og verkefni sem eru árleg:
Foreldrafélagið, alpagreinanefnd, brettanefnd og mótanefnd störfuðu vel að vanda.
Eins og undanfarin ár sá alpagreinanefnd um ráðningu þjálfara fyir alpagreinar og brettanefnd brettaþjálfara í samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra og uppsetningu æfingatöflu og umgjörð æfinga í vetur.

Yfirferð þjálfara 2026

Brettadeild.

Veturinn gekk vel, mikil framför hjá öllum sem vildu bæta sig.
Lagði áherslu á grunnatriði sem við ræktum svo frekar næsta vetur.
Vorum með tvo hópa sem voru að mestu leyti skipt eftir aldri fyrir utan nokkra lengra komna einstaklinga í yngri hóp.
Tókum þátt í þremur mótum og á Andrésar leikunum í vetur og náðum flottum niðurstöðum.
(Verðlaun = top 3 sæti)
FIS/Bikarmót SKA í Slopestyle og Bigair 23-25 Janúar - 10 verðlaun.
Bikarmót SKÍ á Dalvík í RAILS 13-14 Febrúar - 28 verðlaun.
Snjóbrettamót Íslands í Slopestyle og Bigair 18-19 Apríl – 5 verðlaun.
En mjög slöpp mæting frá okkar krökkum.
Andrés leikarnir Slopestyle og Boardercross 23-25 Apríl – 21 verðlaun.

Byrjendanámskeiðin gengu vel og margir krakkar sem héldu áfram og hafa náð góðum árangri.

Takk fyrir veturinn – Haraldur Logi

Alpagreinar

Byrjendakennsla- Umsjónarmaður: Íris Björk

Byrjendakennsla vetrarins hófst 9. janúar, við góðar aðstæður. Á námskeiðið voru skráð 22 börn fædd á árunum 2019-2021. Námskeiðið fór vel af stað og fengum við góða hjálp frá unglingunum okkar. Þegar að þau voru orðin að mestu sjálfbjarga á skíðunum héldu þau áfram á æfingum/ leiktímum út veturinn. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hvað það er góð þátttaka á námskeiðin ár hvert. Við keyrðum fimm námskeiðsdaga, eina klst í senn á 9 dögum. Það bættust einhver börn við þegar námskeiðið var byrjað og því var boðið upp á tvær aukaæfingar fyrir þau börn. Í heildina komu 11 manns að því að kenna á námskeiðinu. Öll börn á þessu námskeiði höfðu kost á að fá skíðabúnað að láni á meðan æfingum stóð, þökk sé Arctic Heli Skiing sem styrkir verkefnið "Krílin á skíði". Langflestir nýttu sér það og fengu að láni, skíði, klossa og hjálm yfir veturinn.

Leiktími- Þjálfarar: Íris Björk, Ján Hlavaj og Katla Hrönn

Leiktímar vetrarins hófust 13. janúar. Leiktímar voru ætlaðir leikskólabörnum 4-5 ára, í ár voru einnig með okkur þrjú börn úr fyrsta bekk. Alls voru 24 börn skráð hjá okkur í leiktíma. Þegar börnin sem tóku þátt í byrjendakennslunni voru orðin að mestu sjálfbjarga á skíðum komu þau inn í leiktímana. Á æfingum er lagt upp með að þær séu fjölbreyttar og fjörugar, með m.a. leikjabraut, stórsvigsbraut, leikjum, ævintýraferðum upp á topp og „rallý ferðum" utanbrautar. Það var virkilega gaman og aðdáunarvert að fylgjast með krökkunum í vetur. Þeim fór mikið fram á skíðunum, urðu öruggari og höfðu fyrst og fremst gaman. Í leiktímum í vetur sáu Íris Björk, Ján og Katla Hrönn um þjálfun. Samstarfið gekk mjög vel. Um miðjan febrúar tömdu við okkur nýjar verklagsreglur þar sem markmiðið var að tryggja aukið öryggi. Þær reglur snérust um að börnin byrjuðu æfingu með þjálfara og í lok æfingar fóru börnin og fundu foreldra/ forráðamenn sína, fóru úr vestum og þá var barn komið á ábyrgð þeirra. Við enduðum síðustu æfingu vetrarins á skemmtilegri fjársjóðsleit. Samskipti og upplýsingagjöf til foreldra fóru að mestu fram í gegnum messenger hóp en einnig gegnum appið „Sportabler".

Takk kærlega fyrir veturinn og við vonumst til að sjá sem flesta á skíðum næsta vetur

Íris, Ján og Katla.

1-2 bekkur - Þjálfarar: Íris Björk, Ellen Ýr og Ján Hlavaj

Æfingar vetrarins hófust 8. janúar og voru þrisvar í viku á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum ýmist frá 16:15-17:15 eða 17:15 - 18:15. Fjöldi iðkenda var í kringum 21 á virkilega breiðu getustigi, við lögðum m.a. upp með að hafa fjör og leiki, stórsvigsbrautir, ýmist í stöngum, stráum og stubbum, frískíðun og skemmti ferðir um fjallið okkar. Við vorum dugleg að skipta hópnum upp vegna breiðs getustigs og reyndist það vel. Í lok febrúar var haldið Dalvíkurmót. Það er mjög mikilvægt fyrir okkar iðkendur að fá að keppa á því. Skipulag og utanumhald gekk mjög vel og var gaman að sjá hvað krökkunum fannst þetta skemmtilegt. Þegar fór að styttast í Andrés tókum við æfingu inn í Hlíðarfjalli þar sem foreldrar komu með. Sú æfing gekk mjög vel og krakkarnir skíðuðu í helstu brekkunum og

fengu að prófa stólalyftuna. Ferðin og skipulag hennar gekk mjög vel með góðri samvinnu við foreldra barnanna. Það fóru 19 iðkendur úr 1-2 bekk á Andrésar Andar leikana og gekk það mjög vel. Þau kepptu í stórsvigi og leikjabraut og voru hóparnir kynjaskiptir. Við vorum heppin með veður að mestu í kringum æfingar í vetur. Það var frábært að fylgjast með framförum hjá hópnum á skíða tímabilinu eins hvað er mikill áhugi og góð þátttaka á æfingum í vetur. Samskipti og upplýsingagjöf til foreldra fóru að öllu leyti fram í gegnum appið „Sportabler“. Það er komin góð reynsla á appið og er það mjög þægilegt í notkun. Á síðustu æfingu vetrarins var haldin fjársjóðsleit, við vorum mjög heppin og náðum að keyra æfingar alveg fram að Andrés.

Takk kærlega fyrir veturinn og við vonumst til að sjá sem flesta á skíðum næsta vetur

Íris, Ellen og Ján

Samantekt 2025/2026

Hópar 8-9 ára og 10-11 ára

Skipulagðar æfingar fóru fram samkvæmt æfingatöflu frá 3. desember til 20. apríl. Alls voru æfingarnar 59 og féllu einungis sex niður, aðallega vegna snjóframleiðslu, snjóverndunar eða móta. Æfingakerfið Abler var notað til skipulags og samskipta við foreldra. Þjálfun 10–11 ára hópsins var í mínum höndum en Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir var mér til aðstoðar við þjálfun 8–9 ára hópsins.

Veturinn hófst nokkuð erfiðlega vegna snjóleysis, en aðstæður bötnuðu þegar leið á tímabilið og veturinn reyndist heilt yfir góður. Æfingafyrirkomulag var fjölbreytt og miðað að aldri og getu iðkenda.

- 8 ára hópur æfði þrisvar sinnum í viku í 75 mínútur.
- 9 ára hópur æfði þrisvar í viku í 75 mínútur auk einnar 90 mínútna æfingar með eldri hópi á laugardögum, sem reyndist mjög vel.
- 10–11 ára hópur æfði fjórum sinnum í viku í 90 mínútur í senn.

Í 8–9 ára hópnum voru 24 iðkendur og var hópurinn stór og skemmtilegur.

Í 10–11 ára hópnum voru einungis sjö iðkendur, fámennur en metnaðarfullur og samheldinn hópur.

Áhersla var lögð á tækniþjálfun, grunnfærni, jafnvægi og hópefli í gegnum fjölbreyttar æfingar, leikjabrautir og frjálsa skíðun. Landslag og snjóaðstæður voru nýtt vel til fjölbreyttrar þjálfunar, ævintýraferða og utanbrautarskíðunar. Slíkar ferðir voru sérstaklega vinsælar og mikilvægar til að viðhalda leikgleði og ánægju krakkanna í íþróttinni.

Á Öskudaginn var haldið sérstakt „sleðarallý“ í barnabrekku þar sem iðkendur mættu með stígasleða. Með aðstoð Harðar og Júlla fengu börnin að fara með lyftu upp að 3. mastri og renna sér niður sérútbúna sleðabraut. Æfingin tókst afar vel, vakti mikla gleði og skapaði eftirminnilegar minningar fyrir hópinn.

Dalvíkurmót var haldið og vel að því staðið, þá tóku iðkendur einnig þátt í Jónsmóti og Andrésar andarleikunum. Nokkur börn unnu til verðlauna á mótunum og margir sýndu miklar framfarir yfir veturinn. Allir lögðu sig fram og stóðu sig vel.

Það verður aldrei of oft sagt að mikilvægt er að Skíðafélagið halda áfram að byggja á faglegu, metnaðarfullu og uppbyggilegu starfi innan félagsins til að tryggja áframhaldandi framfarir, iðkendafjölda og vellíðan iðkenda.

Fyrir hönd þjálfara Harpa Rut Heimisdóttir

12-15 ára tímabilið 2025 - 2026

Í unglingaflokki 12-15 ára voru 20 krakkar skráðir til leiks í byrjun vetrar, æfingar hópsins voru skipulagðar af alpagreinanefnd og þjálfurum hópsins. Skipulagðar æfingar voru frá júní 2025 - maí 2026. Vetrartímabilið skiptir skíðamenn eðlilega mestu máli en óhætt er að segja að tíðarfar veturinn 2025 - 2026 hafi verið sérstakt og haft mikil áhrif á æfingar skíðamanna á landsvísu. Skíðaæfingar Skíðafélags Dalvíkur gengu engu að síður vel og tókst að bjóða uppá áætlað magn skíðaæfinga oftast við ágætar aðstæður. Skíðaæfingar hófust í barnabrekkum félagsins neðst á svæðinu í lok nóvember á framleiddum snjó. Fram að jólum bætti bæði í framleiddan og náttúrulegan snjó og var aðstaða fyrir skiðaæfingar orðin mjög góð í Neðri Lyftubrekku þegar gríðarleg hláka með roki og 20° hita gékk yfir um jólin sem leysti mikinn snjó. Hlé varð á æfingum sem komust þó aftur af stað í byrjun janúar við mjög þröngar og takmarkaðar aðstæður í fyrstu. Með snjóframleiðslu tókst að tryggja góða æfingaaðstöðu í Neðri Lyftubrekku um miðjan janúar. Sú aðstaða hélst nokkuð stöðug fram í mars þegar tók að snjóa. Fleiri skíðaleiðir opnuðust um miðjan mars og þá loksins fengu krakkarnir að njóta fjölbreyttari skíðaleiða og utanbrautarskíðunnar sem skíðasvæðið hefur uppá að bjóða við eðlilegar aðstæður. En á þeim tímapunkti var farið að bera á dálitlum leiða yfir einhæfum aðstæðum allan fyrri part vetrar og sýndi sig vel hve mikilvægt er að fá náttúrulegan snjó og geta boðið uppá fjölbreytta æfingaaðstöðu og skíðaleiðir.
Snjóframleiðslan sannaði enn og aftur gildi sitt fyrir alla skíðaiðkun, óhætt er að fullyrða að án snjósöfnunar með snjóframleiðslu og snjógirðingum hefðu líklega engar skíðaæfingar verið í Böggvisstaðafjalli fyrr en í byrjun mars. Þar að auki er vert að minnast á mikilvægi þess að hefja snjóframleiðslu sem fyrst á haustin þegar aðstæður leyfa en það getur auðveldlega eins og í tilfelli þessa vetrar skilað góðum 4 - 5 vikum af skíðaæfingum fyrir áramót sem er gríðarlega dýrmæt viðbót framan á skíðatímabilið.





Æfingamagn sem var boðið upp á fyrir unglingaflokk 12- 15 ára var með mesta móti þetta tímabilið. Ákveðið var til prufu að bjóða uppá sumar þrekæfingar tvisvar í viku frá lok maí til enda júní í samstarfi við Krossfit Dalvík. Skipulagðar þrekæfingar hófust aftur eftir gott sumarfrí um miðjan ágúst, fjölbreyttar styrktar- og úthaldsæfingar voru tvisvar í viku inni í aðstöðu Krossfit Dalvík og fjölbreyttar útiæfingar með meiri áherslu á úthald, fimi og leiki einu sinni í viku einnig í umsjón Krossfit Dalvík en samstarfið við krossfit félagið hefur verið gott og reynst hópnum mjög vel síðustu árin.

Fyrstu skíðaæfingar hópsins voru í Hlíðarfjalli 21 - 23 nóvember. Áður höfðu fjórir iðkendur úr 14-15 ára flokki sótt 10 daga skíðaæfingabúðir Skíðasambandsins á Stubai jökli í Austurrríki. Skíðaæfingar hópsins hófust í barnabrekkum Böggvisstaðafjalls þann 25 nóvember, tíðarfar var gott og féll ekki niður ein skíðaæfing til 21 desember þegar brast á með aftaka hláku og nærri tveggja vikna hlé varð á skíðaæfingum. Góð framleiðslutörn í byrjun janúar skilaði góðri æfingabrekku, með miklu landslagi og yfirleitt hörðu færi í einstaklega rólegu tíðarfari svo varla féll niður skíðaæfing til loka febrúar. Mars og apríl voru hefðbundnari með tilliti til veðurs og aðstæðna svo að nokkur röskun varð á æfingum sökum veðurs. Fimm góðar skíðaæfingar náðust í byrjun maí við mjög fínar aðstæður. Auðveldlega hefði verið hægt að keyra um 10 skíðaæfingar í maí, en því miður þurftu þjálfarar hópsins að hverfa til annarra starfa.

Alls voru um 90 skíðaæfingar og 8 keppnisdagar á vegum Skíðafélagsins, að auki gátu iðkendur náð sér í um 30 auka skíðaæfingar með þátttöku í öllum æfingabúðum SKÍ og annara aðila, sem sumir iðkendur nýttu sér.



Mótahald gékk vel því þrátt fyrir nokkrar tilfærslur á keppnum vegna veðurs þá tókst að endingu að halda öll mót við ágætar aðstæður. Meiri hluti iðkenda tók þátt í bikarmótum SKÍ og Unglingameistaramóti sem haldið var á Ísafirði.
Krakkarnir náðu þó nokkrum sigrum og öðrum verðlaunum á þessum helstu mótum vetrarins.
Barri Björgvinsson varð þrefaldur Unglingameistari 14-15 ára og Bikarmeistari SKÍ.
Jóhanna Skaftadóttir varð Bikarmeistari SKÍ 14-15 ára.

93 iðkendur tóku þátt í fimmtugustu Andrésarleikunum, stóðu sig öll vel og voru til fyrirmyndar, hópurinn vann alls 17 gull 11 silfur og 7 brons.



Heilt yfir erum við þjálfarar 12 - 15 ára hópsins mjög ánægðir með veturinn sem bauð uppá mikla skíðun oftast í góðum aðstæðum. Í okkar augum voru krakkarnir ávallt glaðir og hópurinn samheldinn og góður andi á æfingum sem er fyrir mestu. Sumir einstaklinganna stefna á áframhaldandi æfingar og keppni í fullorðinsflokki, leggja mikið á sig sýna mikinn metnað og því fylgja góðar framfarir hjá þeim hópi.
Þjálfarar hópsins voru þrír þennan veturinn. Dagur Ýmir allan veturinn, Björgvin desember til mars og Skafti allan veturinn.

F.h. þjálfara Skafti Brynólfsson



Fullorðinsflokkur (16 ára og eldri)

Fullorðinsflokkur Skíðafélags Dalvíkur saman stóð af Matthíasi Helga Ásgeirssyni, Óskari Valdimar Sveinssyni og Torfa Jóhanni Sveinssyni þetta tímabil og æfði hópurinn að mestu með eða eftir skipulagi Fjalars Úlfarssonar þjálfara fullorðinsflokks Skíðafélags Akureyrar eins og undanfarin ár. Þeir félagar sóttu bæði æfingabúðir og mót erlendis auk allra FIS móta innanlands og Skíðamót Íslands á Akureyri. Hæst bar líklega þátttaka Torfa Jóhanns á heimsmeistaramóti unglinga í Narvik í Noregi fyrir Íslands hönd ásamt 7 öðrum íslenskum ungmennum.
Þeir félagar stóðu sig með mikilli prýði í vetur og bættu stöðu sína á heimslista alþjóða skíðasambandsins talsvert.
Óskar Valdimar varð auk þess bikarmeistari SKÍ og Íslandsmeistari í svigi í flokki 16-17 ára.

Iðkendur fullorðinsflokks eru öllu æfingastarfi Skíðafélags Dalvíkur mjög mikilvægir. Þeir koma af og til á æfingar unglingaflokksins auk þess að keyra einstaka æfingar við hlið unglinganna í brekkunni. Þetta er dýrmætara en margir átta sig á, því iðkendur fullorðinsflokks eru miklar fyrirmyndir krakkanna í unglingaflokki. Unglingarnir sjá tækifæri á stærri árangri, gleði og að mikil ævintýri geta falist í því að stunda skíðin áfram í fullorðinsflokki að loknum unglingaflokkum. Því miður hefur ekki verið hægt að halda úti skipulögðum æfingum í fullorðinsflokki á Dalvík og sýnileiki þess hóps því ekki alltaf mikill á Dalvík. En það leynast mikil tækifæri í auknu samstarfi skíðafélaga við Eyjafjörð varðandi umgjörð og þjálfun fullorðinflokks á svæðinu. Þá möguleika gæti Skíðafélag Dalvíkur skoðað vel fyrir sitt leiti og hugsanlega haft nánara samstarfi við hin skíðafélögin á svæðinu, t.d. varðandi aðstöðu og umgjörð fyrir þjálfun fullorðinsflokka skíðafélaganna í Eyjafirði.